

# ÁRSSKÝRSLA SJÚKRAFLUTNINGASKÓLANS 2008

## Inngangur

Markmið Sjúkraflutningaskólans er að mennta einstaklinga til starfa við sjúkraflutninga og að hafa umsjón með framhalds- og símenntun fyrir sjúkraflutningamenn og aðra sem tengjast sjúkraflutningum. Við skólann starfa skólastjóri, verkefnastjóri og læknisfræðilegur forsvarsmáður m.t.t. menntunar. Auk ofangreindra starfa við skólann fjöldi leiðbeinenda (verktakar) sem eru m.a. sjúkraflutningamenn, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og lækningar. Á árinu 2008 voru haldin 41 námskeið og var heildarfjöldi þátttakenda 506. Er það örlítið fækkun frá árinu 2007 enda var það metár í fjölda námskeiða og þátttakenda.

## Fyrirkomulag skólastarfs

Skólastarfið árið 2008 var viðamikilið og fjölbreytt. Námskeiðin fóru fram á öllu landinu, ýmist í heimabyggð sjúkraflutningamanna eða með notkun streymis. Fyrirkomulag námskeiðanna endurspeglar þá stefnu skólans að flytja menntunina sem næst nemandanum og reyna eftir fremsta megni að halda þau í heimabyggð hans eða því sem næst. Slíkt fyrirkomulag hentar vel og tryggir frekar þátttöku sjúkraflutningamanna í framhalds- og símenntun. Aðal kennslumiðstöðvarnar eru tvær, þ.e. Akureyri (Sjúkrahúsið á Akureyri (FSA) og Slökkvilið Akureyrar) og Reykjavík (húsnæði Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) í Tunguhálsi). Myndfundabúnaður er staðsettur á báðum stöðum og nýttur til námskeiðshalda sem og funda fagráðs og stjórnar. Vefur

sjúkraflutningaskólans

[www.ems.is](http://www.ems.is) er einnig notaður

til að koma upplýsingum og kennslugögnum til nemenda.

Formleg útskrift nemenda fór fram á FSA 16. maí 2008 en þá útskrifuðust 57


sjúkraflutningamenn og 14

neyðarflutningamenn. **Myndrit**

**1** sýnir fjölda og staðsetningu

námskeiða á árinu 2008.


**Myndirit 1: Staðsetning námskeiða**



## Námskeið

Eins og fram hefur komið voru haldin 41 námskeið á árinu 2008 og voru þátttakendur samtals 506. Á árinu 2008 voru eftirtalin námskeið haldin (sjá myndrit 2):

Myndrit 2: Tegundir og fjöldi námskeiða




- **Grunnnámskeið í sjúkraflutningum (EMT-B)** er 128 klukkustunda námskeið þar sem kennd eru helstu atriði sjúkraflutninga. Ljúki viðkomandi námskeiðinu með því að standast próf getur það leitt til löggildingar sem sjúkraflutningamaður. **Þrjú** slík námskeið voru haldin árið 2008, eitt í Reykjavík og tvö í streymi. Verklegr kennsla á streymisnámskeiðunum fór fram á Akureyri og Reykjavík.
- **Neyðarflutninganámskeið (EMT-I)** er 317 klukkustunda framhaldsnámskeið fyrir sjúkraflutningamenn með a.m.k. þriggja ára starfsreynslu. **Eitt** slíkt námskeið var haldið í Reykjavík haustið 2008 og voru þátttakendur 22. Námskeiðið er viðamikilið og felst í bóklegri kennslu og verklegri þjálfun ásamt starfsþjálfun á neyðarbíl SHS og á bráðadeildum Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH).
- **Endurmenntunarnámskeið fyrir almenna sjúkraflutningamenn (EMT-B)** voru **nítján** og tók hvert námskeið 8 - 16 klukkustundir.
- **Endurmenntunarnámskeið fyrir neyðarflutningamenn (EMT-I)** voru **ellefu** og tók hvert námskeið 8 - 16 klukkustundir.
- Námskeið í **sérhæfðri endurlífun II** voru haldin á vegum Sjúkraflutningaskólans **þrisvar sinnum**, ýmist á FSA eða í Reykjavík. Námskeiðin byggja á stöðlum og leiðbeiningum evrópska endurlífunarráðsins (ERC). Þátttakendur voru læknar, hjúkrunarfræðingar og bráðataeknar. Hvert námskeið var 20 klukkustundir og lauk því með skriflegu og verklegu prófi.
- Námskeið í **sérhæfðri endurlífun I** eru ný námskeið á vegum skólans en byrjað var að kenna þau vorið 2008. Námskeiðin byggja á stöðlum og leiðbeiningum ERC eins og sérhæfð endurlífun II. Eitt námskeið var haldið á Akranesi en þess má geta að þetta námskeið var uppistaðan í endurmenntun sjúkraflutningamanna haustið 2008.

➤ **Upprifjun í endurlífgun** fyrir þá heilbrigðisstarfsmenn sem hafa sótt endurlífgunarnámskeið var haldið **tvisvar sinnum** fyrir hjúkrunarfræðinga á Sjúkrahúsinu á Akranesi.


➤ **Björgun í bílflökum** er námskeið fyrir sjúkraflutningamenn og aðra heilbrigðisstarfsmenn sem þurfa að geta metið ástand hins slasaða í bílflaki, veitt viðeigandi meðhöndlun og séð um flutning hins slasaða úr bílflakinu. Eitt námskeið var haldið á Seyðisfirði

vorið 2008 og tók námskeiðið 12 klukkustundir. Flestir þátttakenda á ofangreindum námskeiðum voru sjúkraflutningamenn en einnig tóku þátt hjúkrunarfræðingar, læknar og aðrir (sjá myndrit 3 og 4).

**Myndrit 3: Fjöldi þátttakenda**



**Myndrit 4: þátttaka eftir starfssviði**



## Þátttaka í verkefni á vegum Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins

Í júní 2008 hóf Sjúkraflutningaskólinn þátttöku í nýju verkefni á vegum Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins (NPP), sem fjallar um öryggi íbúa í strjálbýli en tilgangur þess er að finna betri leiðir til að fást við hópslys og erfið björgunarverkefni. Sjúkraflutningaskólinn og FSA, taka þátt í þessu verkefni með Svíum, Skotum og Finnum. Verkefnið, sem er styrkt af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins, er til þriggja ára og lýkur í maí 2011. Upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðu verkefnisins [www.cosafe.eu](http://www.cosafe.eu)

## Önnur verkefni

**Endurlífgunarráð.** Skólastjóri Sjúkraflutningaskólans er fulltrúi FSA í Endurlífgunarráði Íslands og einnig meðlimur í framkvæmdaráði evrópska endurlífgunarráðsins, en tveir fundir framkvæmdaráðs voru haldnir í Belgíu árið 2008 sem skólastjóri sótti. Skólastjóri er jafnfram formaður endurlífgunarráðs FSA og umsjónarmaður endurlífgunarkennslu á FSA.

**Nefndarvinna á vegum Heilbrigðisráðuneytis.** Skólastjóri var fulltrúi FSA í nefnd sem heilbrigðisráðherra skipaði í september 2007 en tilgangur nefndarinnar var að fjalla um skipulag sjúkraflutninga, menntunarmál og mönnun í sjúkraflutningum á landsbyggðinni. Nefndin skilaði skýrslu til heilbrigðisráðherra í janúar 2008.

## Ráðstefnur / kynningar

Starfsmenn Sjúkraflutningaskólans sóttu eftirfarandi ráðstefnu árið 2008:

- *”Resuscitation – 7<sup>th</sup> Scientific Congress of the European Resuscitation Council”* í Ghent í Belgíu 22. – 24. maí 2008. Þar var skólastjóri með veggspjald um hjartastopp utan sjúkrahúsa á Akureyri og nágrenni 1997-2007.

Skólastjóri var með erindi á nokkrum málþingum árið 2008. Ber þar helst að nefna:

- Málþing hjá leiðbeinendum í sérhæfðri endurlífgun (september 2008)
- Málþing á vegum Landsamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (maí 2008)
- Málþing á vegum bráðasviðs LSH (mars 2008)

## Lokaorð

Starfsemi Sjúkraflutningaskólans hefur vaxið jafnt og þétt á undanförunum árum. Mikil og nokkuð jöfn eftirspurn er eftir námskeiðum auk þess sem reglulega bætast við ný og fjölbreytileg verkefni sem falla undir starfsemi Sjúkraflutningaskólans. Á árinu 2008 fór fram töluverð vinna vegna væntanlegra breytinga á námi sjúkraflutningamanna og er þá helst skírskotað til skýrslu sem gefin var út í janúar 2008 þar sem fram koma tillögur um breytingar á grunnnámi í sjúkraflutningum. Frekari vinna er fyrirhuguð í því samhengi sem mun vonandi leiða til bættrar menntunar í sjúkraflutningum.